

Hvað gerðu Norðmenn?

Kjallari

Dorvaldur Gylfason



Sjaldan berast slæmar fréttir af norskum efnahag, ef undan er skilin bankakreppan þar fyrir röskum 20 árum. Sjaldan eða aldrei hefur borist þaðan frétt af alvarlegum ófriði eða ósamkomulagi um náttúruauðlindir, þótt olíuauður Norðmanna sé mikill að vöxtum. Eina umtalsverða undantekningin frá reglunni er tillaga Framfaraflokksins um að veita meiru af olíutekjum Norðmanna inn í hagkerfið heima fyrir, en aðrir flokkar í norska stórþinginu hafa staðið gegn Framfaraflokki í því máli. Þjóðartekjur á mann í Noregi eru nú orðnar um tvisvar sinnum hærrar en á Íslandi.

Hvers vegna ríkja friður og sátt um stjóm norskra olíulinda - á meðan Ísland logar í langvinnum í ófriði um fiskveiðistjórn?

Fyrirhyggja

Svarið við spurningunni er einfalt. Norsk stjórnvöld gættu þess strax í upphafi að setja lög og reglur til að tryggja hagkvæmni og gegnsæi og girða fyrir hættuna á ófriði og spillingu í tengslum við olíuvinnslu. Norsk stjórnvöld skildu, að náttúruauðlindir geta verið eldfimar, enda lög mörg olíulönd í ófriði og spillingu. Írak, Íran og Nígería eru augljós dæmi.

Norska ríkið hefur undangengna áratugi leyst til sín um 80% af tekjunum af olíulindunum og lagt mestan hluta fjáris til hlíðar í sérstakan olíusjóð, sem er ætlaður þjóðarheildinni á jafnréttisgrundvelli. Sjóðurinn heitir nú eftirlaunastjóður og nemur nú um 100 þúsund dollurum (12,5 m.kr.) á hvert mannsbarn í Noregi. Enginn



norskur stjórnmalamaður hefur auðgast á olíuvinnslunni eða löggjöfinni um hana, svo vitað sé.

Tíu olíubodord

Í þessum anda ákvað norska stórþingið m.a. að setja sér tíu olíubodord strax árið 1971, áður en olíuvinnslan hófst fyrir alvöru. Fyrsta bodordið kveður á um eftirlit og stjóm ríkisins á allri starfsemi á norsku landgrunni. Fjórða bodordið kveður á um, að olíuvinnslan verði að taka tillit til annarra atvinnuvega og til umhverfisverndar. Sjöunda bodordið kveður á um, að ríkið þurfi á öllum stigum að tryggja, að olíuvinnslan þjóni norskum almannahagsmunum og olíubúskapur Norðmanna nái máli á heimsvísu. Andinn að baki bodordunum vísaði á árangurinn, sem Norðmenn hafa náð.

Auðlindir í þjóðareigu

Þessa nærtæku fyrirmynd að hagkvæmri og réttlátri auðlindastjórn hefur Alþingi kosið að virða að vettugi

þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir um áratugaskeið. Ákvæðinu um auðlindir í þjóðareigu í frumvarpi stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár er ætlað að rétta kúrsinn af. Þar er kveðið skýrt að orði:

„Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem

nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannaáæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins höflegs tíma í senn. Slíkt leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignaréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Þjóðareign eða silfurfat?

Norðmönnum hefur ekki tekist að prýða fiskveiðistjórn sína sömu kostum og olíustjórnina. Það stafar trúlega af því, að líkt og flestar aðrar Evrópuþjóðir telja Norðmenn fiskveiðar skipta svo litlu máli fyrir þjóðarbúskapinn, að mikil óhagkvæmni sé óvildunandi. Íslendingar hafa ekki efni á því líkum lúxus, allra síst nú, þegar þjóðin þarf að bera þungar byrðar vegna hrunsins, sem átti upptök sín m.a. í ókeypis afhendingu afliheimilda og einkavæðingu gömlu ríkisbankanna í sama silfurfatanda.